

**196. fundur Skipulags- og umhverfisráðs, haldinn í bæjarþingsalnum, Stillholti  
16-18,  
10. maí 2021 og hófst hann kl. 16:00.**

**Fundinn sátu:**

Ragnar B. Sæmundsson formaður, Ólafur Adolfsson varaformaður, Guðríður Sigurjónsdóttir aðalmaður og Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs.

**Fundargerð ritaði:** Sigurður Páll Harðarson, sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs.

Fundurinn er haldinn í gegnum fjarfundarbúnaðinn Teams.

**Fyrir tekið:**

**1. 2104190 - Höfðasel 4 matshluti 4 - umsókn um byggingarleyfi**

Umsókn um grenndarkynningu á nýbyggingu á lóð nr. 4 við Höfðasel. Í byggingunni verður framleiðslusalur þar sem framleiddar verða forsteyptar einingar.

*Skipulags- og umhverfisráð leggur til að grenndarkynnt verði skv. 44. gr. 1.mgr. skipulagslaga nr. 123/2010. Grenndarkynnt verði fyrir Höfðaseli 1, 2 og 6a.*

**2. 1904136 - Suðurgata 108 - niðurrif**

Mannvirki við Suðurgötu 108.

*Ragnar B Sæmundsson lagði fram eftirfarandi bókun:*

*Fasteign við Suðurgötu 108, hefur verið í sölufærli, þar sem kvaðir hafa verið á væntanlegum kaupanda að gera upp húsið.*

*Ekki hefur tekist að finna kaupanda að húsinu m.t.t. þeirra krafna sem gerðar hafa verið til hans.*

*Í ljósi þess að nú er að rísa ný byggð við Suðurgötu legg ég til við skipulags- og umhverfisráð að mannvirki við Suðurgötu 108 verði rífið.*

*Lóð verði úthlutað með þeim skilyrðum sem fram koma í skipulagi um Sementsreit.*

*Samþykkt:3-0, RBS, ÓA og GS*

Fundarmenn samþykktu fundargerðina með rafrænum hætti.

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 17:00.**